

Rannsókn á innbrotinu, sem framið var aðfaranótt 4. mars sl., er enn eigi lokið. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Már Kjartansson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.

Mánudaginn 25. mars 1985.

Nr. 242/1984. **Pétur Einarsson**

(Guðjón Styrkársson hrl.)

gegn

Kristjóni Benediktssyni

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu fyrst til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1983 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þegar mál þetta skyldi munnlega flutt 13. nóvember 1984, var ekki sótt þing fyrir áfrýjanda. Stefndi krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti, og með dómi 14. s.m. var málið fellt niður og áfrýjanda gert að greiða stefnda 15.000,00 krónur í málskostnað. Áfrýjandi skaut málinu í annað sinn til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1984 með heimild í 36. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973. Það mál var þingfest 1. febrúar sl., og varð þá ágreiningur um frestbeiðni áfrýjanda. Gekk úrskurður sama dag, og var frestur veittur til fyrsta þingdags í mars. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði felld úr gildi og að hann verði sýknaður af efniskröfum stefnda,

sem urðu aðfararhæfar með hinni áfrýjuðu áritun. Til vara krefst hann þess, að mánaðarlegir dráttarvextir verði 5% frá 1. nóvember 1982 til 21. október 1983, 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985 og loks 4% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að vextir verði þeir, sem greindir eru í varakröfu áfrýjanda. Þá krefst hann staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar, þó þannig, að fjárnám fyrir vöxtum verði í samræmi við breytta kröfugerð. Loks gerir stefndi þá kröfu, að áfrýjandi og lögmaður hans, Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður, verði dæmdir in solidum til að greiða sér málskostnað í Hæstarétti. Krefst hann þess, að málskostnaður verði miðaður við höfuðstól kröfu sinnar að viðbættum vöxtum. Telur hann samkvæmt því, að málskostnað eigi að miða við 1.039.167,00 krónur og sé hann þá 134.498,00 krónur.

Hinn 16. nóvember 1982 var gefin út áskorunarstefna, þar sem stefndi hér fyrir dómi, Kristjón Benediktsson, stefndi áfrýjanda fyrir bæjarþing Reykjavíkur 23. nóvember, ef hann hefði ekki greitt innan tiltekins tíma 500.000,00 krónur með 5% mánaðarvöxtum frá 1. nóvember 1982 til greiðsludags og málskostnað. Ekki greiddi áfrýjandi, og hann lét ekki sækja þing af þessu tilefni. Var stefnan árituð um aðfararhæfi þannig: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 39.262.- í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar. — Reykjavík 24/11 1982. — Yfirborgardómarinn Reykjavík Þórhildur Líndal ftr.“ Í áskorunarstefnunni var tekið fram, að um væri að ræða skuld eftir tveim víxlum, sem hvor um sig var að fjárhæð 250.000,00 krónur. Víxlar þessir voru út gefnir af stefnda Kristjóni 1. október 1982 með gjalddaga 1. nóvember sama ár. Greiðandi er sagður Pétur Einarsson, Templarasundi 3. Hefur áfrýjandi samþykkt víxlana með nafnritun sinni.

Fjárnám til tryggingar kröfu stefnda samkvæmt hinni árituðu áskorunarstefnu var gert 6. desember 1982.

Áfrýjandi hefur ekki fært fram fyrir Hæstarétti neinar þær

varnir, sem að mega komast í víxilmáli skv. 208. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, aðra en þá, að hann telur efni víxlanna falsað að hluta, þar sem gjalddaga þeirra beggja hafi verið breytt úr „nóv. 1982“ í „1. nóv. 1982“. Þó að þetta reyndist rétt hjá áfrýjanda, getur hann eigi byggt kröfur sínar á því, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta áritun héraðsdómara á áskorunarstefnuna sem fyrr er getið, þó þannig, að vextir verða dæmdir í samræmi við kröfur aðilja.

Hið áfrýjaða fjárnám telur áfrýjandi að fella beri úr gildi, þar sem það hafi eigi hafist á heimili hans að Brúarenda við Starhaga í Reykjavík og þangað hafi ekki verið farið, þó að fjárnám væri gert í þeirri fasteign. Fjárnámið fór fram á skrifstofu áfrýjanda að Templarasundi 3 í Reykjavík, en það heimilisfang var skráð á víxlana, sem áfrýjandi hafði samþykkt. Eins og á stendur, verður fjárnámið ekki fellt úr gildi með þeim rökum, sem áfrýjandi hefur fært fram, sbr. 33. gr. 2. mgr., aðfararlaga nr. 19/1887. Ekki verður krafa hans heldur tekin til greina af öðrum ástæðum. Ber því að staðfesta hið áfrýjaða fjárnám til tryggingar tildæmdri fjárhæð auk vaxta og kostnaðar.

Ekki þykja efni til að taka til greina kröfu stefnda um málskostnað úr hendi núverandi lögmanns áfrýjanda, en hana byggir stefndi á 182. gr., sbr. 177. gr. 4. tl. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973.

Rétt er að dæma stefnda málskostnað úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi með hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en miða við höfuðstól kröfu áfrýjanda í samræmi við dómvenju. Verður málskostnaðurinn því ákveðinn 90.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Pétur Einarsson, greiði stefnda, Kristjóni Benediktssyni, 500.000,00 krónur með mánaðarvöxtum sem hér greinir: 5% frá 1. nóvember 1982 til 21. október 1983, 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til

1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985 og 4% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hinnar áfrýjuðu áritunar er staðfest svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð til tryggingar ofangreindum greiðslum.

Áfrýjandi greiði stefnda 90.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Ár 1982, mánudaginn 6. desember er fógataréttur Reykjavíkur settur að Templarasundi 3 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A-2433/1982 Kristjón Benediktsson gegn Pétri Einarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Örn Höskuldsson, hdl., og krefst fjárnáms fyrir kr. 500.000,00 með 5% mánaðarv. frá 1.11.82 til greiðsludags, kr. 39.262,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 390,00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Einar Pétursson, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola í Brúarenda við Starhaga. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.